

Stjórnarfundur ÆSKP

Mættir eru Guðrún Karls Helgudóttir, Þóra Björg Sigurðardóttir, Guðmundur Karl Einarsson og Sigurvin Lárus Jónsson á Skype. Rakel Brynjólfsdóttir, landsmótsstjóri, og Eva Björk Valdimarsdóttir, framkvæmdastjóri, sátu einnig fundinn.

Fyrsta mál Landsmót

612 í allt skráðir. Lítur vel út, Vantar einn sniðugan til að halda utanum kvöldvöku. Hugmynd að athuga með Hjalta Jón úr Laugarneskirkju. Kaflavíkurstjarnir eru með aðra helgistundina. Höfum ekki miklar áhyggjur af því, ætlum að reyna að breyta aðeins til. Það eru þó nokkrir prestar að koma.

Eva og Rakel eru búnar að fá nokkrar fyrirspurnir um að fólk geti losnað við vaktir og eins gistingu annars staðar. Rætt var um að senda póst til að árétta að gert sé ráð fyrir því að skráðir leiðtogar sinni vöktum, gert ráð fyrir ákveðnum fjölda leiðtoga sem mótið þarf og þar með störf. Þetta eru ekki margar vaktir sem hver og einn þarf að sinna. Rakel er búin að senda póst á prestalistann og ætlar að áframsenda hann á alla leiðtoga mótsins til þess að skýra þetta.

Hópastarf

Þurfum að bæta við hópum og stækka hópa. Rakel og Hlín eru með umsjón með hópastarfi.

Öryggismál á búningaballinu. Guðmundur búinn að redda skærum vestum. Guðmundur og Rakel ætla að funda um þetta á morgun. Eva fær svo að fréttu af því svo hún geti sent upplýsingar um öryggismál á lögregluna á Suðurnesjum.

Verðum á Instagram, hashtagið á landsmóti verði #energiogtru

Ballið er tilbúið fyrir utan öryggismál, sjoppa er klár og upplýsingarborð. Í næstu viku þarf að prenta út viðbragðsáætlun, skráningarupplýsingar, vaktaplön, dagskrá o.fl.

Rætt um hvenær undirbúningur hefst á fimmtudag. Mótsnefnd ætlar að vera komin um hádegi á fimmtudag til þess að ljúka undirbúningi í Reykjanesbæ. Við komumst svo inn í íþróttahúsið á fimmtudagskvöldið klukkan 11 (þá eru íþróttaæfingar búnar) og þá geta tæknimenn byrjað að stilla upp. Við fáum þó ekki stóla og borð úr skólum fyrr en eftir að skóla lýkur á föstudeginum. Þá verðum við að hafa sjálfboðaliða vel stemmda og sadda.

Þóra upplýsir um tilboð sem komið er frá Pizzunni, 123.500, krónur fyrir 130 pizzur. Sem gera 950 fyrir hverja Pizzu. Ef tveir eru um hverja pizzu þá er þetta afar vel sloppið.

Rakel og Eva sögðu stuttlega frá fundinum með Árna Sigfússyni, manni frá sundlaug og manni frá íþróttahúsi í Reykjanesbæ. Engin kostnaður við þrif og allir á mótinu fá frítt í sund.

Þurfum að kanna hvað ÆSKP á marga fána. Einnig þarf að fá fána frá Þjóðkirkjunni og Hjálparstarfi kirkjunnar.

Hugmynd fyrir stálkallana í Reykjanesbæ, Bláar peysur eða bolir og svo kross um hálsin.

Dagskrá hefur ekki breyst, hún stendur bara eins og hún er.

Messan á sunnudeginum, þurfum að taka ákvörðun um hvort verði í kirkju eða íþróttahúsi. Heimamenn óttast að mótið sé orðið of stórt fyrir safnaðarheimilið.

Hjálparstarfið er með stóran hóp í hópastarfi, fólk sem hefur verið að taka þátt í European Anty Powery Network, stjórnámálameinn (Árni Sigf. og annar) og krakkar í hópastarfi, Pallborðsumræður. Plagöt verða til úr þessu.

Rakel fór í velferðarráðuneytið og fékk ýmis gögn tengdum baráttuári gegn fátækt 2010. Þar má nefna hálsbönd, veggspjöld, penna, möppur o.fl. Sigurvin bendir á að við getum haft bæklingana í hópum og uppi við þar sem krakkar vilja fræðast meira um fátækt.

Guðmundur er bjartsýnn fjárhagslega. Matur lækkaði og pizzan í Grafarvogskirkju líka. Tæknimálin hækkuðu aðeins. Fjárhagsáætlun eins og hún stendur í dag gerir ráð fyrir tapi upp á 23.000 kr.

Næsta landsmót

Stjórn ÆSKP, framkvæmdastjóri og landsmótsstjóri eiga fund með Biskup Íslands fimmtudaginn 17. október. Þar er ætlunin að viðra þá hugmynd að Landsmót 2014 verði á Ísafirði. Til þess að svo geti orðið er ljóst að afla þarf styrkja upp á 2.500.000 kr. Til þess að geta haldið áfram með hugmyndina þurfum við að fá vilyrði frá Þjóðkirkjunni um aðstoð við að afla fjárens sem og að vera bakhjarl mótsins ef það fellur niður, t.d. vegna veðurs en veður á þessum tíma geta verið varhugaverð.

Blan B um staðsetningu á landsmóti ef Ísafjörður gengur ekki eru Ólafsvík og Akureyri,

Nauðsynlegt er að kanna jarðveginn fyrir Landsmóti í Ólafsvík og á Akureyri. Skilyrði fyrir Landsmóti er að þar sé fyrir æskulýðsstarf. Eva fær það verkefni að kanna viðtökur á Akureyri. Árið 2010 á Akureyri þurfti ÆSKP að greiða fyrir afnot af húsnæði Akureyrarbæjar og setti það strik í reikninginn. Ólafsvík er mögulega of lítil fyrir Landsmót en þó væri gaman að geta haldið mótið 2014 á Vesturlandi.

Formaður ÆSKP hefur það hlutverk á og fyrir landsmót að annast samskipti ÆSKP inn á við gagnvart Þjóðkirkjunni og prestum. Hún mun vekja athygli á mótinu á meðal presta og lyfta því upp.

Fundur með biskupi á fimmtudag kl 13:00.

Þar ræðum við :

- Landsmót
- Fyrirbærið ÆSKP
- Meiri stuning frá kirkjunni, nauðsyn þess að fá 100% starfsmann.

Næsti stjórnarfundur er á landsmóti :D